



RITRÚN



Krossaðu við þegar þú hefur lokið við blaðsíðuna.



Ég kann mjög vel!



Ég kann vel!



Ég þarf að læra betur!

bls.			
2			
3			
4			
5			
6			
7			
8			
9			
10			
11			
12			
13			
14			
15			
16			
17			
18			
19			

bls.			
20			
21			
22			
23			
24			
25			
26			
27			
28			
29			
30			
31			
32			
33			
34			
35			
36			
37			

Nafn: _____

Kæri nemandi!

- ◆ Í þessari bók lærir þú meðal annars
 - um stafrófið og að raða orðum í stafrófsröð
 - um sérhljóða og samhljóða
 - um nafnorð, bæði sérnöfn og samnöfn.
- ◆ Þú kynnist eintölu og fleirtölu orða, kyni nafnorða og nokkrum stafsetningarreglum svo sem
 - um stóran og lítinn staf
 - um **n** eða **nn** í enda orðs
 - ng - og nk - reglunni
 - um punkt og kommu.
 - um tvöfaldan samhljóða
- ◆ Í bókinni eru verkefni þar sem þú átt að semja sögur og svo eru nokkrar þrautir og lestrarspil til að spreyta sig á.
- ◆ Mundu að krossa við á matsblaðinu.

Í bókinni eru tákni sem þú þarft að vita hvað merkja.



Fyrimælin eru í reitnum með stækkunarglerinu. Mundu að lesa þau vel.



Í skýinu finnur þú orð sem þú notar til að leysa verkefnið.



Uglan segir þér ýmislegt sem gott er að leggja á minnið.



Bókin merkir að þú átt að skrifa í stílabók.



Tölvan minnir á skemmtilega og fróðlega vefi sem þú getur skoðað. Krakkasíðurnar eru á www.mms.is

Skemmtu þér vel og æfðu þig um leið í að skrifa orðin rétt.

Að lesa og læra



Lestu þetta ljóð um bækur.

1.

Bækur eru þykkar, þunnar,
þungar, léttar, djúpar, grunnar,
óþekktar og öllum kunnar,
augu, eyru, nef og munnar.



2.

Gaman er að liggja og lesa
langar nætur uppi í bæli
söguskrúddur, skræður, pésa,
skýrslur, ljóð og eftirmæli.




Skoðaðu orðin í skýinu.
Settu hring utan um orð
sem geta átt við bækur.

Bækur eru ...

skemmtilegar sætar
góðar grænar sorglegar
spennandi súrar bjartar
kaldar leiðinlegar

Heilinn hjálpar þér
að muna og læra.



Þú lærir á ýmsan hátt, til
dæmis með því að horfa,
hlusta, lesa og skrifa.



3.

Ótal bækur bíða í hillum,
blína út í næturhúmið,
troðfullar af visku og villum,
vilja komast með í rúmið.



4.

Þar er sól og þar er bylur,
þar er sorg og mikil kæti,
þar er allt sem þjóðin skilur:
þögn og ró og skrípalæti.

Þórarinn Eldjárn


Skrifaðu orðin sem þú settir hring um.

Það er leikur að læra

Lestu vísuna.

Það er leikur að læra,
leikur sá er mér kær,
að vita meira og meira,
meira í dag en í gær.

Guðjón Guðjónsson



Hefur þú hugleitt hvað þú
öðlast mikla þekkingu við
það að læra að lesa?

Þú lærir bókstafina. Þeir eru
tákn eða merki fyrir hljóðin í
málinu okkar.

Kk

A a

Bókstafirnir eru 36 og kallast
einu nafni stafróf.

Ú ú

N n

Hh

Með bókstöfunum í stafrófinu getur þú búið
til og skrifað orð sem þú vilt að aðrir lesi.

Þú getur einnig lesið um það
sem gerðist fyrir þúsundum ára,
í gær og verður á morgun.



Jj

Þ þ


Úr stafrófinu má búa til orð um allt mögulegt.

Að lesa og læra




Taktu vel eftir röð stafanna í stafrófinu.


Aa Áá Bb (Cc) Dd Ðð Ee Éé Ff Gg Hh Ii Íí
Jj Kk Ll Mm Nn Oo Óó Pp (Qq) Rr Ss Tt
Uu Úú Vv (Ww) Xx Yy Ýý (Zz) Þþ Ææ Öö



Það er nauðsynlegt að kunna stafrófið. Þú þarft að nota það alla ævi. Í **Ritrún 1** er stafrófsvísa Þórarins Eldjárns. Kannstu hana?



Stafirnir C, Q, W og Z eru sjaldan notaðir í íslensku. Því tölum við um 32 stafi í íslenska stafrófinu.




Skrifaðu stafina sem vantar í auðu reitina þannig að stafrófið komi rétt út. Notaðu bara stóru bókstafina.

A B C D E F G I
 J K M Ó Q R
T U W X Ý Z Æ

Sérhljóðar og samhljóðar

Skrifaðu stafi sem vantar í stafrófsslönguna.
Þeir eru allir í skýinu.
Litaðu þá svo með rauðum lit.

A E I Á É Í
O Ó Ö U Ú
Æ Y Ý



Skrifaðu stafina sem við notum
sjaldan í íslensku í reitina.

Sérhljóðar eru nauðsynlegir svo að til verði orð.
Orð verður ekki til ef við notum bara samhljóða.



Skrifaðu stafina sem þú litaðir
í rammann.

Þessir stafir eru kallaðir **sérhljóðar**.

Skrifaðu hina stafina á slöngunni
í þennan ramma.

Þessir stafir eru kallaðir **samhljóðar**.

Stafrófsröð



Skrifaðu orðin í skýinu í stafrófsröð.

björn api selur
lóa hestur köttur elgur úlfur
ýsa áll minkur otur púma
valur þröstur

Þegar raða á orðum eftir stafrófsröð er farið eftir fyrstu stöfunum í orði.




api



Í hvaða bók finnur þú nöfnin hér fyrir neðan?
Skrifaðu töluna fyrir aftan nafnið.

Karl	<input type="checkbox"/>	Jóna	<input type="checkbox"/>
Egill	<input type="checkbox"/>	Ævar	<input type="checkbox"/>
Þröstur	<input type="checkbox"/>	Sara	<input type="checkbox"/>
Olga	<input type="checkbox"/>	Dagný	<input type="checkbox"/>
Ragnar	<input type="checkbox"/>	María	<input type="checkbox"/>





Skrifaðu í stafrófsröð lista yfir • þrjú fugla • fjóra liti • fimm dýr

Stafrófsröð



Skoðaðu orðin í skýinu.
Skrifaðu þau á strikin í rétta krukku.
Þú notar ekki öll orðin í skýinu.

sonur tunna dúfa
jakki grautur ugla krukka api
úr trýni hattur litir mús nef
bátur vinur



Það eru sex stafir í orðinu.

Orðagáta

Hvaða orð er þetta?

Fyrsti stafurinn er næst á undan **l** í stafrófinu.

Annar stafurinn stendur á milli **k** og **m** í stafrófinu.

Þriðja stafinn finnur þú bæði í **vika** og **þinn**.

Stafurinn á eftir **ó** í stafrófinu er skrifaður tvisvar sinnum.

Síðasti stafurinn er sérhljóði.

Þú finnur hann í orðinu **rakarar**.



Orðið er: _____

Sérhljóðarnir

Við skiptum stafrófinu í sérhljóða og samhljóða.



Sérhljóðar

a á e é i í
o ó ö u ú
y ý æ

Samhljóðar

b (c) d ð f g h j
k l m n p (q) r s
t v (w) x (z) þ

Strikaðu undir sérhljóðana í orðunum í skýjunum.

skál ber tré tjald
þil bíll borð bók
puð rúm dyr kýr
bær nögl

dagur penni
rotta skóli diskur
stýri köttur bækur
dúkur

banani jólatré
götuljós húsasund
bílalest málari stílabók
blýantur

Settu sérhljóða á strikin svo úr verði orð.

kl_á_r

b__k

s__l

k__ss

h__s

g__ll

sk__p


n__tt

g__t__

b__t__r

l__mp__

m__t__r



Samhljóðaspilið

- Þú þarft tening, spilapeð, blað og blýant.
- Leikurinn felst í því að safna samhljóðum.
- Þú skrifar niður þá samhljóða sem þú lendir á.
- Ef þú lendir á sérhljóða færir þú þig til baka á næsta samhljóða.
- Þegar spilinu lýkur býrðu til orð úr samhljóðunum sem þú skrifaðir. Þú velur sérhljóðin.
- Sá er sigurvegari sem getur búið til flest orð.



ENDA



Settu sérhljóða á strikin þannig að úr verði orð.

j ___ fnr ___ tt ___

v ___ rð ___ ng

bj ___ rts ___ n ___

br ___ ðr ___ l ___ g

v ___ lf ___ rð

v ___ n ___ tt ___

Hjálp!

vinátta, velferð, bjartsýni,
bræðralag, virðing, jafnrétti

Í dýragarðinum

Skoðaðu dýrin. Lestu svo orðin í skýjunum og skrifaðu rétt orð við mynd.

api björn fíll
flóðhestur gíraffi
kengúra ljón slanga

mörgæs páfugl
rostungur storkur
sæljón tígrisdýr



Hvað sérðu fleira á myndinni?
Skrifaðu það hér. Þú finnur orð í skýinu.

Ég sé

maður kona stelpa
strákur kona vörður
tré blóm bekkir

Öll orðin sem þú hefur
skrifað núna eru nafnorð.



Stór stafur









Gefðu þessu fólki nöfn.

Nöfn á fólki og dýrum
byrja alltaf á stórum staf.
Við köllum þau sérnöfn.



Nú skaltu gefa þessum dýrum nöfn.



Hugsaðu þér að þú sért í dýragarði að horfa á apana.
Semdu og skrifaðu apasögu.

Stór og lítill stafur



Lestu orðin í skýinu og settu hring utan um öll sérnöfnin.

bók Helgi húfa
Bragi Finnur skápur Fjóla
hestur Ari lampi hundur Katrín
blóm Vala Gísli mús Magnús
diskur stelpa Rósa



Skrifaðu hér orðin sem þú settir hring utan um.



Skrifaðu hér orðin sem eru ekki með hring utan um.

Helgi





Petta eru sérnöfn.

Petta eru allt nafnorð.

Petta eru samnöfn.



Leikur að orðum




Lestu orðin í skýinu.
Skrifaðu svo rétt orð við mynd.



bolli ketill
harpa rós sól
ugla máni bogi
jökull hrafn



Nafnorðin í skýinu geta líka verið nöfn á fólki.
Þá eru þau sérnöfn og byrja á stórum staf.
Skrifaðu þau við myndirnar.



Lönd, þjóðir, tungumál



Skrifaðu rétt orð á línurnar.
Þú ferð eftir tölunum á kortinu.
Orðin sem þú notar eru í skýinu.



1 Landið okkar heitir _____

Við erum _____

Tungumálið okkar er _____



2 Landið okkar heitir _____

Við erum _____

Tungumálið okkar er _____



3 Landið okkar heitir _____

Við erum _____

Tungumálið okkar er _____




4 Landið okkar heitir _____

Við erum _____

Tungumálið okkar er _____

Löndin nyrst og vestast í Evrópu heita Ísland, Grænland, Færeyjar, Noregur, Svíþjóð, Danmörk, Finnland og Álandseyjar.



Nöfn á löndum og þjóðum eru skrifuð með stórum staf.

Tungumálaheiti eru skrifuð með litlum staf.



Pau kallast einu nafni Norðurlönd.



5 Landið okkar heitir _____

Við erum _____

Tungumálið okkar er _____



6 Landið okkar heitir _____

Við erum _____

Tungumálið okkar er _____



7 Landið okkar heitir _____

Við erum _____


Tungumálið okkar er _____



8 Landið okkar heitir _____

Við erum _____

Tungumálið okkar er _____



Ísland

Danmörk

Noregur

Svíþjóð

Finnland

Færeyjar

Grænland

Álandseyjar

íslenska

danska

norska

sænska

finnska

færeyska

grænlenska

sænska (álenska)

Íslendingar

Danir

Norðmenn


Svíar

Finnar


Færeyingar

Grænlandingar

Álendingar



Hvar erum við?



Lestu spurningarnar og svaraðu þeim.

Hvað er Ísland stórt? _____

Hvenær er þjóðhátíðardagur Íslendinga? _____

Hvað heitir forseti Íslands? _____


Teiknaðu íslenska fánann. Hvað tákna litirnir?

blár _____

rauður _____

hvítur _____


17. júní
103.000 km² haf
eldur jöklar





Skoðaðu Íslandskortið hér til hliðar. Þú finnur þar öll orðin sem þú þarft til að leysa verkefnið.

Öll staðaheiti eru skrifuð með stórum staf.



3 jöklar



3 fjöll



3 firðir

Lestu ljóðið.

Að eiga sér fjall
 í flötum heimi
 eiga þar skjól
 skína við sól
 láta sér lynda
 leik regns og vinda
 eiga þar mark,
 mið, kennileiti.
 Fjall að horfa á
 inn til lands
 að horfa af
 út yfir haf.

Fjall, kona, kall
 er allt sem þarf
 í arf.

Úr Þjóðhátíðarljóði 2007
 eftir Þórarín Eldjárn



2 flóar



2 eyjar



2 vötn



Skrifaðu um skemmtilegt ferðalag sem þú hefur farið í.

Landslag



Lestu orðin í skýinu og settu hring utan um öll sérnöfnin.

foss Eldgjá dalur
Snæfell brekka Hellisheiði fjall
Gullfoss hraun Látrabjarg heiði
Akrafjall jökull Fljótsdalur klettur
Kiðagil Langjökull lækur



Skrifaðu hér orðin sem þú settir hring utan um.


Eldgjá



Skrifaðu hér hin orðin í skýinu.



Staðaheiti eru sérnöfn og byrja á stórum staf.



Þessi orð eru samnöfn og oft notuð sem kennileiti í landslagi.

Leikur að orðum



Stafir í nöfnunum hafa ruglast. Raðaðu þeim rétt og skrifaðu á strikin.

Mannanöfn

ladóHlar

únSrig

rilEgrun

rimValad

naGnur



Dýranöfn

iGnár

tinSa

aprGur

nuðSrú

dalSjak



Staðarheiti



láfBljöl

drinGakív

elFaty



lefÁnеста

tsstifDeo



Ef þú ert í vandræðum eru orðin í skýinu hér til hliðar.

Gunnar, Sigrún, Erlingur, Valdimar, Halldóra, Snati, Gráni, Skjalda, Snúður, Garpur, Bláfjöll, Grindavík, Flatey, Álftanes, Dettifoss

Með fram ströndinni



Skoðaðu vel orðin í skýjunum. Þú getur fengið út heiti á stöðum við ströndina með því að nota eitt orð úr hvoru skýi. Skrifaðu orðin á strikin.

Borgar

Ísa

Hólma

Akur

Kópa

Gríms

Djúpi

Þorláks

Eyrar

Borgarnes

nes

fjörður

vík

eyri

sker

ey

vogur

höfn

bakki

Lestu ljóðið Sumardagur.

Sólin: stór rauður sleikibrjóstsýkur

Skýin: þeyttur rjómi

Aldan: hlæjandi smástelpa

Þú

í fjörunni

bakar sandkökur

hún eltir þig

lengra, lengra

upp undir malarkambinn

gleypir kökurnar

eina eftir aðra

og hrekkjótt

skvettir á

þig

Steinarnir brosa líka.

Vilborg Dagbjartsdóttir



Haf og land



Lestu textann og gerðu hring utan um alla stóru stafina og kross á punktana.

Fjaran

Fjaran er þar sem mætast sjór og land.
Til eru margs konar fjörur,
fjörur með grófri mold og stórum steinum,
fjörur með fínum mjúkum sandi.

Sandurinn er mismunandi á litinn.
Hann verður til úr bergi
sem sjórinn hefur molað.
Sumt af sandinum hefur einnig
borist til sjávar með ám og lækjum.

Fjaran breytist tvisvar á sólarhring.
Hún stækkar þegar sjórinn fellur út (fjara).
Hún minnkar þegar sjórinn fellur að (flóð).

Öldur verða til þegar vindar blása.
Þær eru bæði stórar og smáar.
Þær geta ferðast vítt um höf.
Þegar stormur hefur geisað lengi
myndast hvítfyssandi brimöldur.
Þá er hættulegt að vera á sjónum
og í fjörunni.



Við skrifum stóran staf

- á eftir punkti
- í sérnöfnum
- í fyrirsögnum



Hvernig verður sandurinn til?

Hvernig breytist fjaran á flóði?



Skoðaðu **Fjöruna og hafið** á Krakkasíðum.
Þar finnur þú ýmislegt um hafið, fjöruna og steina.

Lífið í fjörunni

Ljóð eru oft eins og mynd gerð úr orðum.



Lestu ljóðið og leystu krossgátuna.
Orðin eru í skýinu.

Fjöruljóð

Kvöldroði
skamma stund
skart
himins og hafs
hverfur að lokum
í þröngan
kuðung.


Ígulker
eins og kirkja
skapara sínum
til dýrðar
og öðuskel leggur
frá landi.

Hrúðurkarl
fastur við stein.

Í fjarska sefur
fugl á grein.

Gylfi Gröndal

marfló hrúðurkarl krabbi
hörpudiskur kuðungur kræklingur
kúskel ígulker marglytta



Teiknaðu myndina sem þú sérð í huga þér þegar þú lest ljóðið að ofan.

Í fjörunni



Lestu textann.
Settu kross yfir kommurnar.

Í fjörunni eru oft krakkar að leik.
Þau leita að og tína upp úr fjörunni
margs konar dýr úr sjónum.

Sum eru lifandi eins og sandormar,
flær og fjöldi smákvikinda
sem æða undan steinum ef þeir eru hreyfðir,
önnur eru dauð.

Finna má margs konar skeljar,
kuðunga, bobba, krabba og fallegar steinvölur.
Oft finnast þar aða, kræklingur, hörpudiskur,
kúskel, doppur, trjónukrabbi og ýmislegt fleira.

Í fjörunni er flest af þessu dauft
en er lifandi ef vaðið er út í sjóinn,
Jafnvel nokkur skref.



Við notum kommur á milli
orða í upptalningu.

Stafirirnir hafa ruglast.
Raðaðu þeim rétt.
Orðin koma öll fyrir í textanum.

snadrmoar

popdur

læfr

slekjar

brobab

kurnaguð

kabrabr

Ritun



Skoðaðu myndina.
Haltu áfram með söguna.
Þú getur notað orðin á steinunum.

Mundu eftir að nota stóra stafi, punkta (.) og kommur (,) þar sem það á við.



Við hafið

Ég sat í fjörunni og horfði út á sjóinn. Þá sá ég ... _____



Þú getur fundið ýmislegt um hafið og lífið í sjónum á Krakkasíðum og á www.hafro.is


Staðreyndaritun – um ljónið



Lestu textann hér fyrir neðan.
Skoðaðu vel feitletruðu orðin. Þau eru lykilorð textans.


Ljónið

Ljónið er **grágult** á lit,
loðið, með **langa** rófu.
Það líkist **ketti** en er stærra.
Það er **liðugt** í hreyfingum,
læðist og **stekkur**.
Ljónið er **grimmt** og **kænt**.
Það er **rándýr** og **étur** önnur dýr.
Heimkynni ljónsins eru á **grassléttum**
í **Afríku** og **Vestur-Asíu**.



Skrifaðu lykilorð úr textanum
í viðeigandi ský.


Lykilorð hjálpa okkur
til að skilja og muna.



Staðreyndaritun – um hrafninn



Lestu og skoðaðu lykilorðin um hrafninn sem oftast er kallaður krummi.



Lestu og lærðu þessa vísu um krumma.

Krumminn á skjánum,
kallar hann inn:
Gef mér bita af borði þínu,
bóndi minn!
Bóndi svarar býsna reiður:
Burtu farðu, krummi leiður!
Líst mér að þér lítill heiður,
ljótur ertu á tánum,
krumminn á skjánum.



Semdu stutta lýsingu á krumma. Notaðu lykilorðin.

Hvað þýða þessi orð? Notaðu orðabók.

• hrafnaspark: _____

• krummafótur: _____

Ng- og nk-reglan

Skoðaðu þessa bókatitla vel.
Strikaðu undir orðin sem hafa ng og nk.



Skrifaðu öll orðin sem þú strikaðir undir.

Ng- og nk-reglan



Skoðaðu orðin í skýinu.
Settu hring utan um sérhljóðana
sem eru á undan **ng** og **nk** í orðunum.



Skrifaðu stafi í reitina.
Notaðu orðin í skýinu þér til hjálpar.

v i n k a

s l a

b i

þ r u r

t a

p l i

h r u r

g u r

h i

s p r a

s u r

f l j a



Lestu nú orðin í skýinu upphátt.
Taktu eftir að þau eru oftast sögð
öðruvísi en þau eru skrifuð.

Lestu vísuna.

Það er langur gangur
fyrir hann Svanga Manga
að bera þang í fangi
fram á langa tanga.

Á undan **ng** og **nk** skrifum við
sérhljóðana a, e, i, u, y, ö.
Þetta er kallað **ng-** og **nk-reglan**.




Tvöfaldur samhljóði



Skrifaðu rímorð við þessi orð.
Þau eru í skýinu.

Það kallast tvöfaldur samhljóði þegar tveir samhljóðar standa saman í orði: bb, dd, ff, gg, kk, mm, nn, pp, rr, ss, tt



pakki – _____

leggur – _____

byssa – _____

skrudda – _____

kerra – _____

summa – _____

veggur lumma
rotta herra budda
tunna toppur takki
kyssa




koppur – _____

motta – _____



Skrifaðu orð við myndirnar.
Þau hafa öll tvöfaldan samhljóða.








kross, bakki, gaffall,
skúfta, rotta, munnur, bill, flöttur,
smekkur, kubbur, spegill, foss



Tvöfaldur samhljóði



Skoðaðu myndirnar. Finndu sömu tölu í krossgátunni og er við mynd og skrifaðu orðið í reitina. Rétt svör finnur þú neðst á síðunni.



- 1 rotta 2 kanna 3 sokkur
 4 rammi 5 hattur 6 panna 7 trappa 8 tunna
 9 munnur 10 kúkka 11 pokki 12 jákki 13 krúkka
 14 tromma 15 kettur 16 kokkur 17 skúffa 18 boll
 19 kassi 20 tappi 21 motta 22 dúkka
 23 sveppur 24 vagma

Tvöfaldur samhljóði



Skoðaðu myndina. Finndu 11 hluti sem hafa tvöfaldan samhljóða í heiti sínu. Skrifðu þau.









Finndu hvaða orð þetta eru en stafirnir hafa ruglast. Orðin eru öll með tvöföldum samhljóða.

- | | | | |
|--------|--------------|--------|-------|
| pohpa | <u>hoppa</u> | marþam | _____ |
| alkal | <u>lla</u> | titha | _____ |
| balab | _____ | raru | _____ |
| nerna | _____ | simas | _____ |
| lagfga | _____ | dyad | _____ |
| kakah | _____ | kúfsaf | _____ |

Heiti hluta á mynd: Hattur, frakki, jakki, stóll, motta, klukka, þvottavél, pottur, hnöttur, penni, stytta

Spil um tvöfaldan samhljóða



		lakk	fimm	stopp	fjall	þétt	 flagg		
		<ul style="list-style-type: none"> • Þú notar tening og spilapeð. • Búðu til 12 lítil spjöld. Skrifðu tölustafina 1, 2 og 3 fjórum sinnum (ein tala á hvert spjald). • Þegar þú lendir á orði dregur þú spjald. Finndu rímorð á móti orðinu sem þú lentir á. Tala á spjaldinu segir þér hve mörg orð þú átt að finna hverju sinni. • Ef þú getur ekki fundið rímorð verður þú að fara til baka um þrjá reiti. • Ef öll spjöldin klárast áður en spilið er búið er þeim safnað saman og þau sett aftur á hvolf á spjaldreitinn og leiknum haldið áfram. • Sá vinnur sem er fyrstur í mark. 					prjónn		
							gabb		
							nótt		
							 tönn		
							kinn		
		satt							
		brall							
		glögg							
		gull							
		vítt	 menn	frítt	kurr	bann	 foss	átt	kapp



ENDA

fliss

dögg

blikk

grugg

(Hér liggja spjöldin á hvolfi).

satt

brall

glögg

gull

vítt



menn

frítt

kurr

bann



foss

átt

kapp

Kyn nafnorða




Lási, Lína og litla barnið eru að safna orðum.
Hjálpaðu þeim að finna réttu orðin í skýinu og skrifaðu þau á pokana þeirra.

köttur flugvél borð
eyra ljón sokkur súpa brauð peysa
grautur slanga fingur bíll hjól bók
bolli nef rós



Kyn orða eru þrjú:
Karlkyn, kvenkyn og hvorugkyn.






Semdu þjár stuttar sögur um hestinn, hryssuna og folaldið.

Kyn nafnorða



Skoðaðu orðin í skýinu. Skrifðu þau í ramma þar sem þér finnst þau eiga að vera. Mundu að orðin hann, hún og það geta hjálpað þér.

sumar vetur
skápur stelpa strákur
haust hilla barn bolli kanna
gólf munnur bók
glas tunga



hann = karlkyns
hún = kvenkyns
það = hvorugkyns



n eða nn í enda orðs



mín – í-hljóð, þá skrifum við n
minn – i-hljóð, þá skrifum við nn



Lestu orðin í skýinu.
Strikaðu undir þau sem enda á nn.
Dragðu hring utan um þau sem enda á n.

peysan boltinn
ljósið eyrað kápan
bíllinn ástin apinn ísinn úrið
állinn skálin búrið
taskan



Skrifaðu orðin í réttan kassa.

Orð með nn

Orð með n



Skrifaðu n eða nn á strikin. Mundu hjálparorðin.




bolli _____ (minn)

krakki _____ (minn)



panna _____ (mín)

bóki _____ (mín)



motta _____ (mín)



skæri _____ (mín)

myndi _____ (mín)

lampi _____ (minn)

potturi _____ (minn)

kjólli _____ (minn)



n eða nn í enda orðs



Lestu það sem uflan á blaðsíðu 36 segir.
Skrifaðu svo orðin í litlu römmunum á strikin
eins og þér finnst eðlilegast.

hundur

_____ minn er gamall,
en Óla _____ er bara hvolpur.



úlpa

Mig langar í nýja _____ því
gamla _____ mín er orðin slitin.



sími

Þetta er _____ minn,
þinn _____ er á borðinu.



taska

_____ mín er alltof þung.
Báru _____ er miklu léttari.



blýantur

Ég braut óvart _____ minn.
Má ég fá þinn _____ lánaðan?




skápur

_____ minn er yfirfullur af dóti.
Ég þyrfti að fá annan _____.



trefill

Ég skal lána þér _____ minn
ef þú finnur ekki þinn _____.



regnkápa

Nýja _____ mín er blá
en _____ þín er gul.



Nafnorð – eintala eða fleirtala




Skoðaðu myndirnar og orðin í skýinu.
Finndu rétt orð við hverja mynd og skrifaðu.


bók myndir
hillur hilla mynd
bækur bátur bílar
bíll bátar
























Lestu orðin hér fyrir neðan. Þau eru í eintölu.
Skrifaðu orðin í fleirtölu á strikin.
Þau eru í skýinu. Þú notar ekki öll orðin.

blóm _____

maður _____

kona _____

köttur _____

stóll _____

ljós _____

kanna _____

diskur _____

nótt _____

nætur
kettir könnur bollar
blóm götur ljós tré
konur stólar veggir menn
diskar steinar

Nafnorð eru til í eintölu og fleirtölu:
eintala – þegar talað er um einn
fleirtala – þegar talað er um marga



Eintala eða fleirtala



Skoðaðu orðin í skýinu.
Þetta eru allt orð yfir hluti sem eru innanhúss.
Strikaðu undir orðin sem eru í eintölu en settu hring utan um orðin í fleirtölu.


spjall stólar
skápur pottar krani vaskur
borð diskar panna kannu kerti glös
bollar skálar rúm
hillur lampi



Þrjú af orðunum í skýinu eru eins í eintölu og fleirtölu.
Skrifaðu þau á strikin.



Skrifaðu nú hin orðin í skýinu á réttan stað.



Kæri nemandi!



- ◆ Nú hefur þú lokið við þessa bók. Hvað hefur þú lært? Flettu bókinni hægt og rólega og rifjaðu upp lykilatriðin. Athugaðu svo hvort þú veist svörin við spurningunum.

- Við skiptum stafrófinu í sérhljóða og samhljóða. Hvaða stafir eru sérhljóðar? En samhljóðar?
- Við hvaða stafi er miðað þegar raðað er í stafrófsröð?
- Nafnorð skiptast í sérnöfn og samnöfn. Hvaða munur er á þeim?
- Hvaða nafnorð eru alltaf skrifuð með stórum staf?
- Staðaheiti eru nöfn á stöðum. Hvort eru þau skrifuð með stórum eða litlum staf?
- Þú lærðir heiti fjölmargra dýra sem lifa í fjöru. Hvaða orð manstu?
- Hvenær á að nota punkt? Hvenær notum við kommur?
- Af hverju er gagnlegt að finna lykilorð í texta?
- Hvaða sérhljóða á að skrifa á undan -ng og -nk?
- Hvað er átt við með tvöföldum samhljóða?
- Hvað heita kyn nafnorða? Hvaða hjálparorð má nota til að finna þau?
- Hvaða orð er gott að nota til að finna hvort nafnorð enda á -n eða -nn?

Ritrún 3

ISBN 978-9979-0-2186-5

Bókin var fyrst gefin út árið 1985 undir heitinu **Ritrún** með teikningum eftir Ragnheiði Gestsdóttur. Bókin var endurprentuð til ársins 2009. Þessi nýja útgáfa hefur verið endurskoðuð með hliðsjón af aðalnámskrá grunnskóla. Verkefnum hefur verið bætt við og teikningar eru nýjar.

© 2010 Kolbrún Sigurðardóttir og Þóra Kristinsdóttir

© 2010 teikningar Inga María Brynjarsdóttir

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun

1. útgáfa 2010

önnur prentun 2010

þriðja prentun 2012

fjórða prentun 2013

fimmta prentun 2015

sjötta prentun 2016

sjöunda prentun 2017

Menntamálastofnun

Kópavogi

Prentvinnsla: Litróf ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

Til kennarans, foreldra og annarra sem aðstoða nemendur

Ritrúnarbækurnar eru þrjár og er þessi sú þriðja í röðinni. Í bókunum er fengist við byrjunaratriði í ritun, málfræði og stafsetningu fyrir 1.–4. árgang grunnskólans. Þeim er ætlað að hjálpa til við að ná markmiðum aðalnámskrár grunnskóla þar sem segir m.a. að við lok 4. námsárs skuli nemendur hafa öðlast jákvætt viðhorf til móðurmálsins, geta skrifað skýrt og læsilega, þekkja einfaldar stafsetningarreglur og hafa kynnst grunnatriðum í málfræði. Bækurnar stigþyngjast.

Ritrún 3 sem er síðasta Ritúnarbókin gerir mestar kröfur til nemenda um færni í ritun og lestri, leikni í að lesa í vísbendingar og sjálfstæði í vinnubrögðum. Málkennd og sjónminni eru enn í forgrunni við úrvinnslu verkefna en jafnframt eru kynntar nokkrar stafsetningarreglur og málfræðiatriði. Bókin hefst á umfjöllun um gildi lesturs og ritunar, fjallað er um stafrófið og stafrófsröð, sérhljóða og samhljóða, stóran og lítinn staf, grunnatriði í greinarmerkjasetningu, kyn og tölu orða, ng- og nk-regluna, –n eða –nn í enda orða. Þá er vakin athygli nemenda á staðreyndaritun og hvernig nýta má hugarkort við ritun.

Hér á eftir eru tilgreind almenn en mikilvæg atriði sem gagnlegt er að hafa í huga við kennsluna. Þau gilda um allar bækurnar þrjár og eru byggð á námskrá menntamálaráðuneytisins í íslensku frá 2007 (sjá bls. 5–14) og kennslufræði sem á við á yngsta stigi.

- **Í byrjun:** Mikilvægt er að kennari fletti bókinni í heild með nemendum þegar þeir fá hana fyrst í hendur og veki þannig áhuga á viðfangsefnunum: Útskýri vísbendingar eins og stækkunargler, ský, uglu, bók og tölvu og geri þeim ljóst að orðin sem á að skrifa megji ávallt finna á viðkomandi blaðsíðu, oftast í skýi.
- **Innlögn:** Brýnt er að ýta verkefnum úr vör með stuttri innlögn og umræðu áður en hafist er handa við lausn þeirra. Hugstormun og hugarkort um viðfangið geta verið gagnleg hjálpartæki. Þá kemur fram sameiginlegur orðaforði nemenda, mismunandi þekking þeirra og hvar þarf um að bæta. Gott tækifæri gefst jafnframt til að skoða saman orð, merkingu þeirra, hlutverk og stafsetningu.
- **Verkefni neðst á blaðsíðu:** Á mörgum blaðsíðum eru verkefni sem miðað er við að nemendur leysi annaðhvort í eigin stílabækur eða í tölvu. Sjálfsgagt er að nemendur sem vinna hratt leysi þessi verkefni en þeim má líka sleppa eða teikna mynd í stað þess að skrifa.
- **Orðalisti/orðabanki:** Aftast í *Ritrún 1* og *2* er listi í stafrófsröð yfir orðin sem koma fyrir í textum og

verkefnum. Orðalistana má einnig finna í stafrænu formi á vefstorginu *Íslenska á yngsta stigi*/Bókalistar. Tilvalið er að nota þá á ýmsan hátt í stafrófsleiki og ritunarþrautir, þ.e. afrita og prenta út, stækka valin orð og búa til verkefni og spil. Dæmi:

- Nemendur útbúa orðabækur eða orðasöfn, t.d. bók með mannanöfnum, dýraheitum, lista yfir hollan mat og óhollan, vetrarfátnað, snjó, orð sem notuð eru í ævintýrum, löng orð, stutt orð og svona mætti lengi telja.
- Nemendur semja sögur með orðum í s-listanum, í r-listanum o.s.frv.
- Valin orð eru prentuð út, sett á spjöld og notuð á ýmsan hátt, t.d. má veiða þau upp úr krukkum, nota þau í sögur eða til að ríma, velja sagnorð, leika þau og geta upp á. Orðalistarnir bjóða upp á ótæmandi möguleika til að leika sér með tungumálið og örva það á marga vegu.

Í bókinni *Íslenska í 1. og 2. bekk – Handbók kennara* er hafsjór hugmynda um margs konar vinnubrögð með orðalista og gagnlegar ábendingar og hugmyndir um ritun.

- **Matsblað:** Æskilegt er að nemendur venji sig á að merkja við á matsblaði þegar þeir hafa lokið við blaðsíðu. Tilgangurinn er að þeir velti fyrir sér hvernig þeim hefur gengið og fái yfirsýn yfir hvernig þeim miðar áfram.
- **Ígrundun:** Á blaðsíðu 40 í bókunum er yfirlit yfir helstu atriði hvernar bókar. Mikilvægt er að börnin átti sig á gildi upprifjunar og venjist strax á að ígrunda hvað þau hafa lært við yfirferð efnisins.
- **Samvinna:** Æskilegt er að hvetja nemendur til að vinna saman, bera saman bækur sínar og aðstoða hver annan við lausn verkefna.
- **Stafrænt efni:** Mikilvægt er að venja nemendur fljótt á að nýta sér tölvuna til að afla upplýsinga. Vefi sem tengjast viðfangsefnunum má finna á *Krakkasíðum* Menntamálastofnunar. Einnig má finna gagnvirk efni á öðrum vefjum.
- **Handbækur:** Nauðsynlegt er að hafa gott safn handbóka sem tengjast viðfangsefnunum hverju sinni. Sem dæmi má nefna bók um fugla, fiska, ævintýrabækur, vísnaabækur, leikjabækur o.s.frv.
- **Samvinna við heimilin:** Æskilegt er að kennarar kynni fyrir foreldrum hvernig fyrirhugað er að leggja efnið fyrir strax í upphafi, markmiðin með því og til hvers er ætlast af nemendum.

*Með ósk um gott gengi
Kolbrún og Þóra*



RI TRÚN 3

Ritrúnarbækurnar eru handa börnum á yngsta stigi grunnskólans. Bókunum er ætlað að mæta markmiðum í aðalnámskrá grunnskóla um að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til móðurmálsins, kynnist byrjunaratriðum í málfræði og geti skrifað skýrt og læsilega við lok 4. námsárs.

Ritrún 3 er síðasta heftið í röð þriggja hefta. Viðfangsefnið í bókinni eru miðuð við börn sem hafa náð nokkrum tókum á ritun og lestri. Í bókinni kynnast þau grunnatriðum í málfræði, greinarmerkjum og nokkrum stafsetningarreglum.

Höfundar Ritrúnarbókanna eru *Kolbrún Sigurðardóttir* og *Póra Kristinsdóttir*. Þær hafa báðar áralanga reynslu af kennslu, bæði í grunnskóla og við Kennaraháskóla Íslands, auk þess sem þær hafa samið fjölmargar námsbækur í íslensku fyrir grunnskóla.

Teikningar eru eftir Ingu Maríu Brynjarsdóttur.

m MENNTAMÁLASTOFNUN

40133

